



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 14. ágúst 2025

MSS25020121

TILLAGA

Tillaga um fjárveitingu til leik- og grunnskóla til bókakaupa

Lagt er til að efnt verði til Barnabókamessu haustið 2025 í samstarfi við Félag íslenskra bókaútgefenda. Tilgangurinn verði að bæta bókakost skólabókasafna borgarinnar og glæða áhuga barna og ungmenna á lestri nýrra íslenskra bóka. Á messunni verður lögð áhersla á að kynna nýjar íslenskar barna- og ungmennabækur fyrir fulltrúum skólasafna grunnskóla og leikskóla borgarinnar og þeim tryggt viðbótarfjármagn til að kaupa nýjar bækur að eigin vali á messunni fyrir bókasöfn starfsstöðva sinna á sérstöku kynningarverði. Lagt er til að sérstök fjárveiting til grunnskóla og leikskóla vegna Barnabókamessunnar verði alls 10 milljónir, í samræmi við tillögu sem samþykkt var í borgarstjórn 4. mars 2025.

Greinargerð:

Á fundi borgarstjórnar 4. mars 2025 var samþykkt svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sólsálistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna:

Borgarstjórn samþykkir að fela skóla- og frístundaráði í samvinnu við stjórnendur í leik- og grunnskólum, skólabókasöfnin og m.a. Félag bókaútgefenda að rýna bestu leiðir til að efla og styrkja safnkost skólabókasafna.

Tillaga um fjárveitingu til leik- og grunnskóla til bókakaupa á Barnabókamessu er lögð fram til að bregðast við tillögu borgarstjórnar.

Fjármagni verður úthlutað til leik- og grunnskóla í samræmi við nemendafjölda, þó að hámarki 200.000 kr. á skóla. Kostnaður rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.



Reykjavík